



Svar við fyrirspurn

Til: Mannréttinda og lýðræðisskrifstofu

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Íslenskukennsla fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn mannréttinda og lýðræðisskrifstofu, sem barst þann 18. október sl., um íslenskukennslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar. Óskað var svara við eftirfarandi spurningum:

„- Fær starfsfólk upplýsingar um íslenskunám sem er í boði fyrir það skv. stefnumótun?
- Fær starfsfólk tækifæri að sækja íslenskunám á vinnutíma?
- Er íslenskunám starfstengt og leiðir það til starfs- og launaþróunar?“

Leitað var upplýsinga hjá skrifstofustjórum fjármála- og áhættustýringarsviðs og er niðurstaða þess samtals að aðeins hefur reynt á íslenskukennslu hjá fá mennum hópi starfsfólks sviðsins undangengin misseri. Íslenskunám er sannarlega í boði fyrir það starfsfólk sem þurft hafa á að halda eða sóst eftir að sækja slíka fræðslu. Starfsfólk fær tækifæri á vinnutíma til að sinna fræðslunni. Starfsfólk af erlendum uppruna hefur haft jöfn tækifæri til starfs- og launaþróunar á við annað starfsfólk og hafa þeir starfsmenn sem starfa á fjármála- og áhættustýringarsviði verið í starfi um árabíl.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.